

Sp.

209. Nefndarálit

um till. til pál. um athugun á vegagerð úr steinsteypu yfir Hellisheiði og Svinahraun.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Undirritaður hefur ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar, sem vill samþykkja tillöguna óbreytta.

Ég tel, að flutningsþörfin milli Ölfusár og Reykjavíkur sé orðin svo mikil, að gera verði sérstakar ráðstafanir til þess að fullnægja henni. Daglega allt árið eru nú flutt milli 20 og 30 tonn af mjólk og mjólkurvörum frá Ölfusá til Reykjavíkur, og má sá flutningur aldrei teppast, ef vel á að vera. Auk þessa eru allar aðrar framleiðsluvörur Suðurlandsundirlendisins, sem komast þurfa á markað eða til hafnar, og svo allt, sem flytja þarf austur frá Reykjavík, og er það enn meira. Það telst þá líka svo til, að nú fari um 300 bílar yfir heiðina daglega, en miklu fleiri eftir veginum báðum megin heiðar, t. d. fram hjá Lækjarbotnum um 1200. Umferðin og flutningaþörfin er því meiri milli Ölfusár og Reykjavíkur en víðast annars staðar, og þarf því að gera sérstakar ráðstafanir til að leysa flutningaþörfina. Þar sem umferð og flutningar eru orðnir eins miklir og hér, verður viðhald venjulegra malarvega mjög mikið, og 1942 varð það um 10 kr. pr. metra í veginum milli Elliðaánna og Ölfusárbrúar, og enda þótt eitthvað kunni að vera þar í af aðgerðum, er frekar bæri að telja endurnýjun en viðhald, er augljóst, að þegar umferð um einhvern veg er orðin það mikil, að viðhaldið fer að verða svo mikið sem hér, þarf að gera ráðstafanir til annarra vega eða samgangna, sem ódýrari verða árlega.

Margar tillögur hafa komið fram til að leysa samgönguþörfina milli Reykjavíkur og Ölfusár. Menn hafa rætt um járnbrautarlagningu, steinsteyptan veg, yfirbyggðan veg og rafmagnssporbraut og nokkuð skipzt í hópa um það, hver lausnin væri heppilegust. Enn fremur hafa verið skiptar skoðanir um það, hvaða leið væri heppilegast að fara. Mældar hafa verið margar leiðir milli Reykjavíkur og Ölfusár og gerðar kostnaðaráætlanir (Þrengslin, Krýsuvíkurleið, beint yfir Hellisheiði) um hverja um sig, svo og kostnaðaráætlun um járnbraut o. fl. En áætlanir þessar hafa verið gerðar á misjöfnum tíma, og ekki umreiknaðar og staðfærðar allar á sama tíma, svo að þær yrðu sambærilegar.

Tillaga sú, er hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að rannsakað verði, hvað kosta muni að gera steinsteyptan veg yfir Hellisheiði og Svinahraun, og „jafnframt fari fram athugun á kostnaði við nauðsynlegar breytingar á legu vegarins og gerð á þessari leið með tilliti til flutninga að vetrarlagi“. Ég tel nauðsynlegt að fá áætlunina gerða yfir alla leiðina milli Ölfusár og Reykjavíkur, en ekki bara yfir Hellisheiði og Svinahraun, og byggist þetta á því, að nýr vegur verður fyrst og fremst lagður til að léttu af viðhaldi og gera flutningana ódýrari, og þarf því og á að koma alla leiðina, en ekki hluta af henni.

Þá tel ég líka nauðsynlegt, að fyrir liggji, þegar ákvörðun skal tekin um, hvernig flutningaþörf milli þessara staða verði bezt leyst, sambærilegar kostnaðaráætlanir um allar þær leiðir, sem menn skiptast í flokka um, svo að glöggst megi velja á milli. Sé það ekki, tel ég hætt við því, að sagan endurtaki sig. Þegar kostnaðaráætlun um steyptan veg, t. d. yfir Þrengslaleið, liggur fyrir og farið er fram á fjárveitingu til þess, er ég hræddur um, að mennirnir, sem hafa meiri trú á járnbraut, verði móti því, nema þeir sjái áætlun, sem þeir geta ekki rengt, er sýni þeim, að hitt sé betra. Og eins má ætla, að fari fyrir mönnum, sem vilja láta veginn liggja annars staðar, o. s. frv.

Ég tel það því höfuðatriði þessa máls, að gerðar séu sambærilegar áætlanir um allar þessar hugsuðu leiðir eða lausnir á samgönguvandamálinu milli Ölfusár og Reykjavíkur. Mælingar allar liggja fyrir, og vinnan er eingöngu skrifstofuvinna sérfræðinga. Ég tel orðið svo aðkallandi að leysa málið, að ekki megi tefla því í

tvísýnu með því enn á ný að horfa aðeins á eina leiðina til lausnar, rannsaka hana, en láta hinar órannsakaðar. Það hefur oft verið gert áður og ekki blessað. Allar þær lausnir, sem koma til greina, verða að rannsakast saman, svo að velja megi þá, sem bezt reynist.

Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera samanburðarkostnaðar-áætlanir um samgönguleiðir milli Ölfusár og Reykjavíkur, svo að glöggst sjáist, hvernig dagleg flutningsþörf milli staðanna verði bezt og öruggast leyst. Kostnaður við framkvæmd tillögunnar greiðist úr ríkissjóði.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á samgönguleiðum milli Ölfusár og Reykjavíkur.

Alþingi, 20. okt. 1943.

Páll Zóphóníasson.